

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 31. mars 2022
UST202203-262/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - fiskeldi að Laxabraut 17 - Þorlákshöfn

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Ölfuss er barst 18. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir fiskeldi að Laxabraut 17 við Þorlákshöfn.

Í greinargerð kemur fram að tillagan nær til 5 ha svæðis vestan við Þorlákshöfn en þar er áformað að reisa fiskeldisstöð á iðnaðarsvæði. Fyrirhugað er að reisa mannvirki í formi húsa, kerja, fóðursílóa, súrefnistanka, vatns- og frárennslislagna, ásamt lagningu gatna, plana, bílastæða o.fl. Gert er ráð fyrir allt að 195 tonna ársframleiðslu.

Frárennsli verður síað og hreinsað áður en það verður leitt til sjávar.

Vatnsöflun til rekstursins verður frá borholum innan lóðar og haft verður samband við Orkustofnun vegna hennar.

Umhverfisstofnun bendir á að starfsemin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stofnunin bendir á að starfsleyfi verður gefið út fyrir hámarkslífmassa í stöðinni á hverjum tíma en mengunarvarnarákvæði ákvörðuð út frá ársframleiðslu.

Hraun

Í greinargerð kemur fram að á skipulagssvæðinu er hraun sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þá segir að yfirborð hraunsins sé fremur slétt og ósprungið sandorpið hraun og gróðurþekja fremur lítil eða minni en þriðjungur lóðarinnar. Í umhverfisskýrslu tillögunnar segir að hraunið hafi að mörgu leyti tapað verndargildi sínu sbr. umfjöllun í athugasemdum við lög um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að þrátt fyrir að hraunið sé sandorpið og hafi tapað þeim eiginleikum sem mynda verndargildi þess að einhverju leyti er mikilvægt í ákveðnum tilfellum að vernda jarðsögulega eiginleika eða eiginleika þess gróðurs sem vex á svæðinu, sbr. frumvarp til laga um náttúruvernd. Stofnunin telur mikilvægt að verndargildi hraunasvæða séu metin og m.a. tekið tillit til jarðmyndana, s.s. hrauntraða og hraunfláka.

Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að í tillögunni segir að viðtakinn flokkist sem *síður viðkvæmur viðtaki* skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ. Stofnunin vill vekja athygli á að viðtakinn sem um ræður hefur ekki verið formlega skilgreindur sem síður viðkvæmur skv. kröfum reglugerðarinnar. Skv. 3. mgr. 20 gr. reglugerðarinnar skal sveitarfélagið

óska eftir slíkri skilgreiningu fyrir losun skólps frá þéttbýli til að fá leyfi til að draga úr losunarkröfum, þ.e. til að hreinsa skólþ með eins þreps hreinsun í stað tveggja þrepa. Umhverfisstofnun tekur þó undir það sem fram kemur í tillögnum, að sterkur straumur og mikil brimsemi veldur hraðri útþynningu affalls.

Í greinargerð kemur fram að fráveita verði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ og að útrás skuli vera minnst 5 m niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 m út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Umhverfisstofnun bendir á að lagning sæstrengja og neðansjárleiðslna er háð samþykki Umhverfisstofnunar og skal samræmast skipulagi samkvæmt skipulagslögum og lögum um skipulag haf- og strandsvæða, sbr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn megnun hafs og stranda. Þó vill stofnunin vekja athygli á að vegna landfræðilegra aðstæðna eru önnur fiskeldisfyrirtæki á svæðinu með undanþágu frá 2. mgr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, sbr. 9. mgr. sama ákvæðis.

Úrgangur

Í greinargerð segir að ferskum úrgangi sem fellur til við slátrun og vinnslu fisksins verði nýtt til framleiðslu á fiskimjöli og lýsi. Áætlað er að nýta dauðfisk í loðdýrafóður eða til moltugerðar. Umhverfisstofnun telur alla endurnýtingu úrgangs jákvæða og bendir í því samhengi á nýja stefnu stjórnvalda sem kom út í júní sl. og heitir *Í átt að hringrásarhagkerfi*. Áætlað er að hætta alfarið urðun lífrænna efna. Stofnunin bendir á leiðbeiningar¹ til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna úr frárennsli.

Umhverfisstofnun bendir á að notkun dauðfisks til áburðar er háð samþykki Matvælastofnunar, sem lögbærs stjórnvalds með þeim ákvæðum reglugerðar um aukaafurðir dýra sem eiga við í þessu tilfelli, sbr. 2. þátt reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Því bendir stofnunin á að leita skuli samþykkis Matvælastofnunar ætli rekstraraðili að nota efnið á slíkan hátt.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur

¹ [Leiðbeiningaskjal \(umhverfisstofnun.is\)](http://leiðbeiningaskjal.umhverfisstofnun.is)